

Ársskýrsla Þjóðleikhússins 2008



Almennt

Þjóðleikhúsbyggingin skartar nú sínu fegursta, eftir viðamiklar og langvarandi utanhússviðgerðir. Þar með er að mestu lokið þeim áfanga endurbóta Þjóðleikhússins sem snúa að þaki og ytra byrði, eða öðrum áfanga í því endurbótaferli sem áætlað var í þremur áföngum árið 1989. Endurbætur baksviðs og viðbygging til austurs, eða þriðji og síðasti áfanginn, er nú í biðstöðu.

Listrænt starf í Þjóðleikhúsinu miðaði að nýsköpun, en íslensk leikrit og leikgerðir voru vel yfir helmingur frumsýndra verka. Nýr höfundasjóður, Prologos, var stofnaður við Þjóðleikhúsið á árinu, auk þess sem þrjú ný verk voru skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik, samstarfsverkefni fræðsludeildar Þjóðleikhússins og Menningarmiðstöðvar Fljótaldalshéraðs. Þjóðleikhúsið sinnti þannig vel þeirri skyldu sinni að efla innlenda leikritun og nýsköpun.

Aðsókn að leikhúsinu jókst talsvert milli ára, en markvisst starf í þágu barna og ungmenna og ríkulegur skólaafsláttur, vegur að öllum líkindum nokkuð í þeirri þróun. Rekstur leikhússins á árinu var innan fjárheimilda og aukafjárveiting vegna útistandandi skulda kom í góðar þarfir.

Árangur í starfi

Tölulegir mælikvarðar og viðmið í árangurstjórnunarsamningi stofnunarinnar við menntamálaráðuneytið standast.

Hvað mat á listrænum árangri varðar þá má segja að hægt sé að draga nokkrar ályktanir af fjölda verðlauna og viðurkenninga, en í því tilliti er afrakstur Þjóðleikhússins markverður. Orðspor Þjóðleikhússins í samfélaginu er einnig gott ef marka má viðhorfskönnun Ríkisendurskoðunar.

Innan Þjóðleikhússins er stöðugt leitast við að meta árangur af listrænu starfi. Í þeim tilgangi tíðkast reglulegir endurmatsfundir, eftir frumsýningar hvers verkefnis, þar sem farið er yfir vinnsluferlið með listrænum aðstandendum og ábyrgðarmönnum deilda. Reglulegir spjallfundir með leikurum miða sömuleiðis að því að meta árangur af starfinu og læra af reynslunni. Áherslu á nýsköpun í listum fylgir alltaf mikil áhætta og borðleggjandi að árangur er ekki alltaf í samræmi við væntingar. Allt kapp er lagt á að búa þannig í haginn að hið listræna starf geti sem best blómstrað, eftir því sem kostur er.

Stefnumörkun leikárið 2007 – 2008

„Þjóðleikhúsið á öllum sviðum lífsins“ var yfirskrift leikársins. Þannig var í senn vísað til þess hlutverks sem leikhúsið gegnir á ólíkum sviðum mannlífsins, og að í Þjóðleikhúsinu eru fjögur leiksvið og hverju sviði var mörkuð ákveðin sérstaða.

Þessi stefnumótun var undirstrikuð með nýju einkennismerki í upphafi leikársins 2007/2008, þar sem hvert svið hafði sinn lit, auk þess sem farandsýningar fengu sinn lit. Lit hvers sviðs var síðan haldið til haga í frekari kynningu verka á viðkomandi sviði og farandsýningar kynntar með sínum einkennislit.



Leikarar og aðrir starfsmenn við setningu leikársins 2008 – 2009

Stefnumörkun leikárið 2008 – 2009

„Innlend leikritun í öndvegi“

Á leikárinu er lögð áhersla á innlenda leikritun og nýsköpun, meðal annars með frumflutningi á nýjum leikritum og leikgerðum en einnig með nýrri uppfærslu á einni af perlum íslenskra leikbókmennta. Sérstök rækt er einnig lögð við frumsköpun í tónlist, auk þess sem tilraunvinna í leiklist og leikhústækni fær svigrúm.

Erlendri klassík og samtímaleikritun er sinnt með uppfærslum á sviðum leikhússins.

Starf í þágu barna og ungmenna skipar að vanda veglegan sess á leikárinu. Einnig setur starf í þágu landsbyggðarinnar mark sitt á leikárið, með leikferðum og samstarfsverkefnum Þjóðleikur.

Erlend samstarfsverkefni veita ferskum straumum inn í starfið í leikhúsinu og færa íslenska leiklist út fyrir landssteinana.

Listrænt starf

Leikhúsgestum var boðið upp á tuttugu og þrjár mismunandi sýningar á vegum Þjóðleikhússins á árinu 2008. Þar af voru fimm sýningar frá fyrra ári, þrjú samstarfs-verkefni og þrjár gestasýningar. Af þeim fimmtán sýningum sem frumsýndar voru á árinu (eigin verk og samstarfsverkefni) voru tíu innlend verk, eða 66%. Barnasýningar á árinu voru fimm, þar af ein á Stóra sviðinu, ein á Leikhúsloftinu og þrjár í Kúlunni, barnasviði Þjóðleikhússins. Barnasýningar í Kúlunni hafa notið mikilla vinsælda frá því að Kúlan opnaði formlega árið 2007, en þar er boðið upp á stuttar sýningar sem hæfa aldri og þroska yngstu leikhúsgestanna.

Leikferðir voru farnar í framhaldsskóla á landsbyggðinni í febrúar og október, en einnig var boðið upp á sýningar fyrir almenning í þessum leikferðum. Leikhúsinu var boðið að sýna sýninguna „Baðstofan“ eftir Huggleik Dagsson í leikstjórn Stefáns Jónssonar á leiklistarhátíðinni „Neue Stücke aus Europa“ í Wiesbaden í Þýskalandi. Leikhúsið tók einnig þátt í menningarkynningunni „Iceland on the Edge“ í Brussel í Belgíu með sýningu á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen í leikgerð og leikstjórn Baltasars Kormáks.

Sviðsetningar og sýningar 2008

Eigin verk árið 2008

Frum-sýningar á árinu:

1. **norway.today** eftir Igor Bauersima.
2. **Vígaguðinn** eftir Yasminu Reza.
3. **Baðstofan** eftir Huggleik Dagsson.
4. **Sólarferð** eftir Guðmund Steinsson.
5. **Engisprettur** eftir Biljana Srbljanovic.
6. **Sá ljóti** eftir Marius von Mayenburg.
7. **Ástin er diskó - lífið er pönk** eftir Hallgrím Helgason.
8. **Hart í bak** eftir Jökul Jakobsson.
9. **Utan gátta** eftir Sigurð Pálsson.
10. **Sumarljós** eftir Jón Kalman Stefánsson, leikgerð Hilmar Jónsson.
11. **Leitin að jólnunum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson** (endurfrumsýnt).

Tilraunaverkefni/vinnusmiðja:

12. **Macbeth** eftir William Shakespeare, úrvinnsla /leikgerð Stefán Hallur Stefánsson og Tobias Munthe.

Frá fyrra ári:

13. **Ívanov** eftir Anton Tsjechov í leikgerð Baltasars Kormáks.
14. **Óhapp!** eftir Bjarna Jónsson.
15. **Skilaboðaskjóðan** eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson.
16. **Konan áður** eftir Roland Schimmelpfennig.
17. **Pétur Gautur** eftir Henrik Ibsen í leikgerð Baltasars Kormáks, í leikferð til Brussel í Belgíu.

Samstarfsverkefni:

18. **Skoppa og Skríttla í „söng-leik“** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
19. **Pétur og úlfurinn** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.
20. **Klókur ertu, Einar Áskell** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.

Gestaleikir:

21. **Frelsarinn** eftir Kristján Ingimarsson, látbragðssýning Neander leikhópsins.
22. **Gaukshreiðrið** eftir Dale Wasserman í sviðsetningu Halaleikhópsins. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.
23. **Sá hrímhærði og draumsjáandinn** eftir Nils Aslak Valkeapää. Samíska leikhúsið Beaivváš Sámi.

Þar af íslensk leikrit:

1. **Óhapp!** eftir Bjarna Jónsson.
2. **Skilaboðaskjóðan** eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson.
3. **Baðstofan** eftir Hugleik Dagsson.
4. **Sólarferð** eftir Guðmund Steinsson.
5. **Ástin er diskó - lífið er pönk** eftir Hallgrím Helgason.
6. **Hart í bak** eftir Jökul Jakobsson.
7. **Utan gátta** eftir Sigurð Pálsson.
8. **Sumarljós** eftir Jón Kalman Stefánsson, leikgerð Hilmar Jónsson.
9. **Leitin að jólnunum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson.
10. **Skoppa og Skríttla í „söng-leik“** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
11. **Pétur og úlfurinn** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.
12. **Klókur ertu, Einar Áskell** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.

Þar af verk eftir nýliða í Þjóðleikhúsinu:

1. **Ástin er diskó - lífið er pönk** eftir Hallgrím Helgason.

Leikverk fyrir börn:

1. **Skilaboðaskjóðan** eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson.
2. **Leitin að jólnunum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson.
3. **Skoppa og Skríttla í „söng-leik“** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
4. **Pétur og úlfurinn** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.
5. **Klókur ertu, Einar Áskell** brúðusýning eftir Bernd Ogradnik.

Leikferðir um landið:

1. **norway.today** eftir Igor Bauersima (febrúar 2008: Vesturland og Vestfirðir, Suðurland og Suðurnes).
2. **Sá ljóti** eftir Marius von Mayenburg (október 2008: Austfirðir, Norður- og Suðurland).

Leikferðir til útlanda:

1. **Baðstofan** eftir Hugleik Dagsson, sýningar í leikför á leikritahátíðinni í Wiesbaden í Þýskalandi.
2. **Pétur Gautur** eftir Henrik Ibsen í leikgerð Baltasars Kormáks, sýningar á Iceland on the Edge menningarhátíðinni í Brussel í Belgíu.

Dagskrár:


3. **Leikhúspærlur** – afmælisdagskrá til heiðurs Atla Heimi Sveinssyni.
Umsjón: Edda Heiðrún Backman.

Aðrir viðburðir:

Örlíkritasamkeppi
Jólasýning Listdansskólans

Aðsókn

Aðsókn hefur heldur aukist milli ára. Samanlagður gestafjöldi á árinu 2008 var 82.702 gestir á 424 sýningar, en til samanburðar var gestafjöldinn 73.466 árið 2007.



Grafið hér að ofan sýnir glögglega þróunina síðustu þrjú árin. Þess ber að geta að framkvæmdir við Þjóðleikhúsbygginguna settu mark sitt á starfið árið 2006 og 2007 og skýrir það að nokkru minni aðsókn þau ár. Yfirlit yfir sýningar á árinu 2008 er að finna síðar í þessari ársskýrslu en þar kemur fram gestafjöldi á hvert verk fyrir sig.

Verðlaun og viðurkenningar árið 2008

Leikrit Bjarna Jónssonar, Óhapp!, hlaut tilnefningu til Norrænu leikskáldaverðlaunanna.

Sýningar og listafólk Þjóðleikhússins hlutu fjölmargar tilnefningar til Grímunnar – íslensku leiklistarverðlaunanna, eða alls 34.

Sjö Grímuverðlaun féllu listafólki Þjóðleikhússins í skaut. Hamskiptin voru valin sýning ársins og Börkur Jónsson hlaut verðlaunin fyrir leikmynd sína í sýningunni. Ilmur Kristjánsdóttir hlaut Grímuverðlaunin fyrir hlutverk sitt í Ívanov sem og Ólafur Darri Ólafsson. Páll Ragnarsson fékk Grímuverðlaun fyrir lýsingu sína í Ívanov. Kristín Eysteinsdóttir fékk Grímuverðlaun sem leikstjóri ársins en hún setti upp sýninguna Sá ljóti. Barnasýning ársins var valin Gott kvöld.

Menningarverðlaun DV í leiklist hlaut Ívanov eftir Anton Tsjechov í leikgerð og sviðsetningu Baltasars Kormáks.

Höfundastarf Þjóðleikhússins

Lögð var áhersla á innlenda leikritun og nýsköpun í þeim listum sem leiksviðinu tengjast. Leikhúsið frumflutti alls fjögur ný íslensk leikrit, **Óhapp!** eftir Bjarna Jónsson, **Baðstofuna** eftir Hugleik Dagsson, **Ástin er diskó, lífið er pönk** eftir **Hallgrím Helgason** og **Utan gátta** eftir Sigurð Pálsson. Þar af var eitt nýtt verk eftir nýliða í leikritun við Þjóðleikhúsið, Hallgrím Helgason. Leikhúsið sýndi einnig nýja leikgerð eftir Hilmar Jónsson, **Sumarljós**, byggða á skáldsögu Jóns Kalmans Stefánssonar, og er það fyrsta leikgerðin sem sýnd er á verki eftir hann. Leikhúsið sýndi fjögur íslensk verk sem hafa áður verið sýnd á íslensku leiksviði, **Leitina að jólnum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson, **Skilaboðaskjóðuna** eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson, **Sólarferð** eftir Guðmund Steinsson og **Hart í bak** eftir Jökul Jakobsson. Ennfremur hafði leikhúsið samstarf við leikhópa um sýningar á þremur íslenskum verkum fyrir börn, en það voru **Skoppa og Skríttla í „söng-leik“** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur og tvær brúðusýningar eftir Bernd Ogrodnik, **Pétur og úlfurinn** og **Klókur ertu, Einar Áskell**.

Leikritunarsjóðurinn Prologos.

Stofnaður var á árinu nýr sjóður við Þjóðleikhúsið, Leikritunarsjóðurinn Prologos. Stofnendur eru Bjarni Ármannsson og Helga Sverrisdóttir, og lögðu þau fram stofnfé, 16 milljónir króna. Sjóðurinn mun starfa í þrjú ár.

Markmið hans er að hlúa að leikritun á Íslandi og efla höfundastarf við Þjóðleikhúsið, sem og að stuðla að framþróun og eflingu leiklistarinnar.

Prologos veitir árlega allt að fimm höfundum styrk til að vinna að leikhandriti, en einnig eru veittir styrkir vegna leiksmiðjuverkefna. Höfundur getur hlotið 600.000 kr. styrk til að vinna að handritsdrögum.

Á síðari stigum getur höfundur hlotið 600.000 kr. viðbótarstyrk til að fullvinna handritið. Þjóðleikhúsið getur síðan tryggt sér sýningarrétt á verkinu, og greiðir þá það sem eftir stendur af höfundarlaunum.

Úthlutað er úr sjóðnum þrisvar á ári, að hausti, um mitt leikár og að vori. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn árið 2008.

Fyrsta úthlutun, sem í raun réttir er haustúthlutun, dróst aðeins fram yfir áramót, og fór fram í janúar 2009. Þá hlutu tveir höfundar handritsstyrk, Einar Már Guðmundsson og Bjarni Jónsson. Tvö leiksmiðjuverkefni hlutu styrk, Völva sem Pálína Jónsdóttir er í forsvari fyrir, og Af ástum manns og hrærivélar, verkefni leikhóps sem skipaður er Ilmi Stefánsdóttur, Kristjáni Ingimarssyni, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarssyni. Næst verður úthlutað úr sjóðnum í byrjun mars, og svo aftur í vor.

Í tengslum við Þjóðleiks-verkefnið voru skrifuð sérstaklega þrjú ný leikverk af íslenskum leikskáldum sem leikin verða nú á vordögum af leikhópum á Austurlandi. Höfundar verkanna eru Bjarni Jónsson, Sigtryggur Magnason og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann.

Samstarf við innlendar listastofnanir og erlenda aðila

- Leikhúsið þáði boð um að sýna Baðstofuna eftir Hugleik Dagsson í leikstjórn Stefáns Jónssonar á leiklistarhátíðinni „Neue Stücke aus Europa“ í Wiesbaden í Þýskalandi í júní.
- Leikhúsið tók þátt í menningarkynningunni „Iceland on the Edge“ í Brussel í Belgíu með sýningu á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen í leikgerð og leikstjórn Baltasars Kormáks.
- Lögð voru drög að samstarfi um flutning færeysku óperunnar Í óðamansgarði eftir Sunleif Rasmussen, í samvinnu við Tjóðpallinn í Færeyjum, á Listahátíð í Reykjavík í maí 2009.
- Leikhúsið hafði samstarf við franska sendiráðið og franska leikhúsið CDN Orléans vegna undirbúnings leiksýningarinnar Sædýrasafnið í mars 2009.
- Sýningu leikhússins á Pétri Gaut var boðið til Japan árið 2010, en enn á eftir að fjármagna ferðina að fullu.
- Leikhúsið hafði samstarf við alþjóðlegu leiklistarhátíðina Lókal, sem haldin var í Reykjavík, með sýningum á Baðstofunni eftir Hugleik Dagsson.
- Leikhúsið hafði samstarf við leiklistardeild Listaháskóla Íslands vegna sýninga á útskriftarverkefnum nemenda í Fræði og framkvæmd.
- Leikhúsið tók þátt í Vetrarhátíð með kynningum og opnu húsi.
- Leikhúsið valdi og sýndi að venju Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins, í samvinnu við Bandalag íslenskra leikfélaga, en fyrir valinu að þessu sinni varð Gaukshreiðrið eftir Dale Wasserman í flutningi Halaleikhópsins. Þörfum hreyfihamlaðra var mætti með sérstökum hætti í tengslum við þessa sýningu, með tilfærslum innanhúss, en þrír leikarar í sýningunni voru í hjólastólum. Að auki voru fremstu sætaraðir í áhorfendasalnum teknar upp svo taka mætti á móti gestum í hjólastólum í auknum mæli, sem fjölmenntu.

Starfandi listamenn við Þjóðleikhúsið

Fjöldi listamanna starfar við Þjóðleikhúsið á hverjum tíma og myndar kjarna þess skapandi starfs sem unnið er við leikhúsið. Á árinu 2008 var skipting á milli hinna listrænu sviða með eftirfarandi hætti:

- Leikstjórar voru 13 (5 kvk og 8 kk)
- Leikmynda- og búningahöfundar voru 15
- Tónhöfundar voru 8 (sérstamin ný tónlist)
- Danshöfundar voru 4 (sérstamin kóreógrafía)
- Aðstoðarleikstjórar / dramatúrgar voru 4
- Leikarar voru 58
- Aukaleikarar / börn voru 24
- Hljóðfæraleikarar á sýningum voru 12

Fræðslu- og kynningarstarf í Þjóðleikhúsinu

Útgáfa fræðsluefnis

Veglegir fræðslupakkar með fjölda kennsluhugmynda og ítarefni voru gefnir út fyrir valdar leiksýningar. Fræðslupakkarnir eru hugsaðir fyrir kennara sem vilja dýpka leikhúsupplifun nemenda sinna og efla læsi þeirra á listformið. Fræðslupakki fyrir Skilaboðaskjóðuna var sendur að gjöf í alla grunnskóla á landinu, auk tónlistar úr verkinu og nótnaheftis. Fræðslupakki fyrir Gott kvöld var sendur í alla leikskóla á höfuðborgarsvæðinu auk tóndæma úr verkinu.

Móttaka hópa

Fræðsludeildin tók á móti hátt í 1000 börnum og ungmennum í kynnisferðir baksviðs árið 2008, auk ýmissa annarra hópa (s.s. hópum kennaranema, heyrnarlausra, förðunarnema ofl.) Tekið var á móti leikskólahópum með dagskrá í Kúlunni snemma morguns þar sem leikhúsið var kynnt fyrir þeim. Kúlukvöld – umræðukvöld og fræðsla um barna- og brúðuleikhús í samvinnu við UNIMA voru haldin reglulega á vor- og haustdögum.

Námskeið á vegum fræðsludeildar

Helgarnámskeið með Robert Landy leiklistarmeðferðarfræðingi frá Bandaríkjunum. Samstarf við FLÍSS (Félags um leiklist í skóastarfi) í byrjun janúar 2008. Regluleg vinnusmiðjukvöld fyrir kennara. Samstarf við FLÍSS (Félag um leiklist í skólastarfi) Í október var boðið upp á ókeypis helgarnámskeið fyrir stjórnendur Þjóðleiks í Þjóðleikhúsinu, þar sem listafólk og tæknifólk leikhússins leiðbeindi.

Örleikritasamkeppni fyrir framhaldsskólanema

Fræðsludeildin stóð fyrir árlegri örleikritasamkeppni sinni fyrir framhaldsskólanema í samstarfi við leiklistardeild LHÍ í fimmta sinn vorið 2008. Undanúrslit samkeppninnar fóru fram á stóra sviði Þjóðleikhússins 1. mars, þar sem nokkur úrslitaverkana voru leikin/leiklesin af leikaranemum við LHÍ.

Leiklist miðlað til framhaldsskólanema á landsbyggðinni

Þjóðleikhúsið hefur nú þrjú leikár í röð farið með leiksýningar í leikferðir í framhaldsskóla á landsbyggðinni, eða leikárin 2006-2007, 2007-2008 og 2008-2009.

Á hverju leikári er lögð áhersla á ólík landsvæði, en nú hafa framhaldsskólar um allt land átt þess kost að sjá sýningu frá Þjóðleikhúsinu sér að kostnaðarlausu í sínum skóla eða heimabyggð.

Sýningarnar hafa einnig verið sýndar í Reykjavík. Þetta starf hefur mælst einstaklega vel fyrir, jafnt meðal skólafólks á landsbyggðinni og í höfuðborginni, og er í anda þeirrar stefnumótunar að Þjóðleikhúsið sé leikhús allra landsmanna.

Tvær leikferðir féllu inn á almanaksárið 2008, en þær tilheyrðu hvor sínu leikárinu. Í febrúar og mars 2008 var farið var á Vestfirði, Vesturland, Suðurland og Suðurnes með sýninguna *norway.today*, og í október og nóvember 2008 var farið með sýninguna *Sá ljóti* á Norðurland, Austfirði, Suðurland og Suðurnes.

Þjóðleikur

Þjóðleikur er stórt tilraunaverkefni fræðsludeildar Þjóðleikhússins, sem unnið er í góðu samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og fleiri aðila á Austurlandi. Verkefninu var formlega ýtt úr vör haustið 2008 eftir tveggja ára undirbúning og fjáröflun. Þrettán leikhópar ungs fólks undir handleiðslu kennara og/eða áhugaleikara setja upp þrjú glæný íslensk leikrit sem skrifuð hafa verið sérstaklega fyrir Þjóðleik.

Hver hópur sýnir í sinni heimabyggð, en í lok apríl 2009 koma allir hóparnir saman og sýna uppsetningar sínar á leiklistarhátíð á Austurlandi í vor. Stjórnendur hópanna njóta handleiðslu fagfólks úr Þjóðleikhúsinu, þar sem þeim bjóðast ókeypis námskeið og ráðgjöf. Áætlaður fjöldi þátttakenda verður um 200 en ætla má að mun fleiri komi að verkefninu með óbeinum hætti í heimabyggð.



Fræðsla fyrir almenning

Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins, flutti erindi um franska leikskáldið Yasminu Reza hjá Alliance Francaise, og kynnti Jökul Jakobsson og Hart í bak á fundum félagasamtaka. Einnig heimsótti Gunnar Eyjólfssson eldri borgara og félagasamtök í tengslum við sýningar á Hart í bak.

Einnig hafa verið opnar umræður eftir valdar sýningar með þáttöku leikhúslistamanna og áhorfenda.

Markaðs- og kynningarstarf, nýjar áherslur

Sérstök forsyningakort á sýningar á Smíðaverkstæðinu og í Kassanum mæltust vel fyrir hjá áhorfendum, eins og á síðasta ári. Þessi nýbreytni hefur einnig nýst leikhúsinu vel í vinnsluferli sýninga. Tekið var upp það nýnæmi að bjóða ungmennum, 25 ára og yngri, upp á leikhúsmiða á almennar sýningar á verulegum afslætti. Þetta framtak hefur mælst afar vel fyrir og aukið almenna aðsókn þess aldurshóps.

Fyrir jólin var einnig boðið upp á sérstök gjafakort á Kardemommubæinn á góðum kjörum og seldust þau vel.

Húsnæðismál

Viðgerðum á ytra byrði leikhússins lauk að mestu á árinu, en þessar framkvæmdir voru á forræði Framkvæmdasýslu ríkisins en fulltrúi leikhússins og samhæfingaraðili við starfið í húsinu var Gunnar Torfason, ráðgjafaverkfræðingur. Verklok þessa áfanga endurbyggingar Þjóðleikhússins verða innan tíðar, en enn á þó eftir að skipta út nokkrum útihurðum og ganga frá stéttum og tröppum umhverfis húsið. Lýsing við húsið er einnig aðeins til bráðabirgða, enn sem komið er. Fasteignir ríkissjóðs hafa nú tekið allt forræði á viðgerðar- og viðhaldsframkvæmdum. Af aðgerðum á forræði Fasteigna ríkissjóðs voru viðgerðir og endurbætur í eldhúsi viðamestar.

Brunavarnarmálum var áfram sinnt á árinu með ísetningu brunavarnahurða, auk þess sem lyfta fyrir fatlaða var tekin í notkun við aðalinngang seint í nóvember. Enn á eftir að tryggja aðgengi fatlaðra að leiksviði Þjóðleikhússins í Kassanum við Lindargötu 7.

Endurbætur baksviðs, sem og viðbygging til austurs bíða næsta áfanga í endurbótaferli Þjóðleikhússins, en brýnt er að gera áætlun til framtíðar hið allra fyrsta.

Öryggismál

Ástand búnaðar á tæknisvæði og í turni er víða við eða yfir hættumörkum og þarfnast allt leikhúsið aftan við forteppi endurbóta og viðhalds. Skortur á lýsingu utanhúss skapar einnig hættu fyrir leikhúsgesti og vegfarendur.

Aðstæður í húsinu

Mikil þrengsli eru í húsinu sjálfu sem og skortur á geymsluhúsnæði, en plássleysi skapar mikið og viðvarandi óhagræði í rekstri. Leikhúsið fékk á árinu til bráðabirgð geymslurými í húsnæði ríkisins í Laugarnesi. Þar er aðstaða á margan hátt ákjósanleg og fjarlægð frá leikhúsinu viðunandi. Óskandi væri að auka mætti við það geymslurými sem leikhúsið hefur þar til ráðstöfunar, meðal annars svo koma mætti þar fyrir, auk annars, viðgerðarverkstæði leikmuna, og búningasafni. Eins væri æskilegt að tryggja afnot leikhússins til lengri tíma. Talsvert rask varð á starfseminni vegna viðgerða á Þjóðleikhúsbyggingunni og annarra viðhaldsverkefna, sérstaklega fylgdi aðstöðuleysi í eldhúsi umtalsvert óhagræði og fjárútlát. Þanta þurfti mat utan úr bæ til að geta boðið upp á þá þjónustu sem ætlast er til. Í október var hægt að taka í notkun eldhús og nokkru síðar mótuneytisaðstöðu í Þjóðleikhúskjallara.

Varðveislumál

Ljósmyndasafn Þjóðleikhússins hefur í gegnum tíðina verið varðveitt við nokkuð ótrygg skilyrði. Undanfarin ár hefur samastaður þess verið Dómhúsið við Lindargötu. Til þess að forða því að safnið gæti orðið eldi, vatni eða öðru slíku að bráð, var ákveðið að flytja það í vörslu Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Safnið var flutt á haustdögum, og hefur því verið komið í öruggar hirslur Ljósmyndasafnsins, þar sem myndir eru varðveittar við rétt hita-, síru- og rakastig, þannig að þar munu myndirnar geymast vel. Þetta nýja fyrirkomulag auðveldar útlán úr safninu og gerir þau tryggari. Stefnt er að því að filmusafnið komist smám saman einnig til Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Starfsmannamál, vinnustaðamening

Starfsmannamál fengu meira vægi en áður. Starfsmannasamtöl hófust á haustmánuðum og stofnaður var söngkór starfsmanna. Námskeið fyrir tæknifólk voru haldin á vormánuðum í samstarfi við Starfsmennt og ýmsir starfsmenn sóttu norræna ráðstefnu leikhúsfólks, NOTT. Þjóðleikhússtjóri hefur á síðari hluta ársins 2008 haldið reglulega hálfsmánaðarlega fundi með leikurum hússins, um listræn málefni og starfið í húsinu. Einnig hefur hún haldið fjölda funda með öðru starfsfólki hússins, þar sem rætt er um starfsemi leikhússins.

Ný verkefnavalsnefnd tók til starfa haustið 2008, en í henni sitja auk þjóðleikhússtjóra og leiklistarráðunautar Þjóðleikhússins, fimm af leikurum hússins, þau Arnar Jónsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir. Á fyrri hluta ársins 2008 sátu í verkefnavalsnefnd ásamt þjóðleikhússtjóra og leiklistarráðunauti þau Bjarni Jónsson leikskáld og Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna frá 2007 sem og starfslýsingar eru í stöðugri endurskoðun.

Jafnréttisstefna

Stefnt er markvisst að því að gæta jafnræðis milli kynja í hinu listræna starfi í samræmi við jafnréttisstefnu.

60 ára afmæli Þjóðleikhússins 2010

Undirbúningur er hafinn vegna 60 ára afmælisárs Þjóðleikhússins árið 2010. Kannaðar voru forsendur fyrir því að gefa út afmælisrit í tilefni af afmælinu, en eftir að hafa leitað ráðlegginga hjá fagfólki í bókaútgáfu, var ljóst að kostnaður við slíkt yrði leikhúsinu ofviða, og solumöguleikar slíkra afmælisrita takmarkaðir. Ákveðið var að fara nútímalegri leið að því að halda á lofti sögu leikhússins, og miðla upplýsingum um Þjóðleikhúsið og sögu þess til almennings á rafrænan hátt. Ákveðið var að vinna gagnagrunn um sýningar Þjóðleikhússins og listamenn þess, en rafræn skráning heimilda er orðin löngu tímabær, og opna hann almenningi á heimasíðu Þjóðleikhússins á afmælisdaginn, þann 20. apríl 2010. Þjóðleikhúsið sótti um styrk í Þjóðhátíðarsjóð vegna verkefnisins, og hlaut 500.000 krónur í styrk.

Rekstrarlegar áherslur - hagræðing

Það er, og hefur verið ríkur vilji af hálfu stjórnenda leikhússins að bregðast við viðvarandi rekstrarvanda Þjóðleikhússins eftir fremsta megni. Miklu aðhaldi var beitt á öllum sviðum á árinu og mikið kapp lagt á að koma rekstrinum í jafnvægi. Aðhald og góð aðsókn skilaði sér í því að rekstur ársins var innan fjárheimilda.

Samkvæmt því bráðabirgðauppgjöri sem skilað var til ráðuneytisins með rekstraráætlun ársins 2009 er jákvæð afkoma ársins 2008 kr. 7.500.000,-

Framtíðarhorfur í rekstri

Niðurskurður liggur fyrir á fjárveitingu fjárhagsársins 2009 miðað við verðlagsþróun og þær fjárlagatillögur sem lágu fyrir í haust. Í ljósi efnahagsástandsins og eindreginna tilmæla um sparnað, verður leitað leiða til að bæta enn frekar áætlanagerð og alla eftirfylgni kostnaðarþátta, hvort heldur er í almennum rekstri eða í tengslum við uppsetningu sýninga. Um leið verður beitt ýtrasta aðhaldi í starfsmannamálum og yfirvinnu haldið í algeru lágmarki. Reynt verður þó að forðast uppsagnir starfsmanna eins og kostur er og heldur reynt að semja um skert starfshlutfall. Einnig verður dregið að einhverju marki úr framleiðslu sýninga á minni sviðunum, sérstaklega á Smíðaverkstæði, sem ætlað er að hýsi áfram tilraunasýningar og samvinnu-verkefni, sem ekki fylgir mikill stofnkostnaður.

Aukafjárveiting

Aukafjárveiting á móti uppsöfnuðum skuldum í árslok 2008, gjörbreytir rekstrargrunni stofnunarinnar til hins betra. Allt kapp verður lagt á að ekki komi til skuldasöfnunar að nýju.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Gerð var stjórnsluúttekt á starfsemi Þjóðleikhússins á árinu. Niðurstaðan varð meðal annars sú að Þjóðleikhúsið sinnir allvel listrænum skyldum sínum, en bæta megi skilvirkni og áætlanagerð. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem fram koma í skýrslunni, hefur verið ákveðið að stíga enn marktækari skref í þá veru að hagræða í rekstri.

Viðhorfskönnun

Ríkisendurskoðun gerði viðhorfskönnun um afstöðu almennings til Þjóðleikhússins. Könnunin kom yfirleitt mjög jákvætt út fyrir Þjóðleikhúsið og stafsemi þess. Almenn reyndust konur sækja leikhús mun meir en karlar og eru dyggustu leikhúsgestir á aldrinum 55–75 ára. Alls höfðu tæp 30% svarenda úr Reykjavík sótt Þjóðleikhúsið á síðustu 12 mánuðum miðað við 11% íbúa utan höfuðborgarsvæðisins. Þá reyndust tekjur einnig skipta miklu máli, þ.e. því hærrí tekjur sem svarendur höfðu þeim mun líklegra var að þeir sæktu sýningar Þjóðleikhússins. Sama máli gegndi um skólamenntun. Því meiri sem menntunin var þeim mun líklegra var að svarendur sæktu Þjóðleikhúsið. Þessi svör gætu gefið vísbendingu um það hvar sóknarfæri leikhússins liggja. Skýrar línur fengust þegar horft var til ánægju/óánægju þeirra sem sótt hafa leiksýningar Þjóðleikhússins undanfarna 12 mánuði. Alls reyndust um 87% svarenda ánægðir en einungis 4% óánægðir. Þessi niðurstaða hlýtur að teljast sérstaklega hagstæð fyrir Þjóðleikhúsið og starfsemi þess.

Reykjavík, 26. janúar, 2009.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri

Viðauki 1

Nánar um frumsýningar á árinu 2008

norway.today eftir Igor Bauersima. Leikritið var einkum sýnt á leikför fyrir framhaldsskólanema, en einnig voru á því almennar sýningar. Grátbroslegt verk um tvær ungar manneskjur sem standa frammi fyrir spurningum um tilgang og tilgangseysi lífsins, uppfyllt af svörtum húmor. Verk sem fjallar um málefni sem snerta ungt fólk á sérstakan hátt, eins og best kom í ljós í samræðum sem eftir var til við áhorfendur eftir sýningar. Leikstjórn: Vigdís Jakobsdóttir. Þýðing: María Kristjánsdóttir. Leikmynd: Högni Sigurbórsson. Búningar: Leila Arge. Lýsing: Benedikt Axelsson. Hljóðmynd og myndvinnsla: Halldór Snær Bjarnason. Leikarar: Sara Marti Guðmundsdóttir og Þórir Sæmundsson. Frumsýning í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 17. janúar. Fjöldi gesta 826 + 800 í leikferð, samtals 1.626.

Vígaguðinn eftir Yasminu Reza. Æsispennandi, háalvarlegt og bráðfyndið leikrit, eftir eitt þekktasta nútímaleikskáld Frakka, þar sem á óvæntan og ferskan hátt er fjallað um mörkin á milli þess siðmenntaða og villimannslega í mannum. Leikstjórn: Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Þýðing: Kristján Þórður Hrafnsson. Leikmynd og búningar: Stígur Steinþórsson. Lýsing: Hörður Ágústsson. Hljóðmynd: Tómas Freyr Hjaltason. Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Edda Björg Eyjólfsson, Friðrik Friðriksson og Þórunn Lárusdóttir. Frumsýning á Smíðaverkstæðinu 25. janúar. Sýningar á árinu: 21. Fjöldi gesta: 1.854.

Baðstofan eftir Hugleik Dagsson. Hópur listamanna sem stóð að söngleiknum Legi hélt áfram að kanna nýja möguleika leikhússins. Ilmur Stefánsdóttir hannaði hljóðfæri sem byggðu á gömlum tólum og amboðum, og meðlimir hljómsveitarinnar Flís, ásamt leikhópnum, sköpuðu einstæðan tónheim. Horfið var nokkrar aldir aftur í tímann, til myrks skeiðs í sögu þjóðarinnar, og skoðað hvernig lítið og aflokað samfélag tekur á móti einhverjum sem kemur að utan. Leikstjórn: Stefán Jónsson. Leikmynd: Ilmur Kristjánsdóttir. Lýsing: Egill Ingibergsson. Búningar: Þórunn E. Sigurðardóttir. Hljóðmynd: Flís. Leikarar: Brynhildur Guðjónsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Elma Lía Gunnarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson, Vignir Rafn Valþórsson, Helgi Svavar Helgason, Davíð Þór Jónsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Frumsýning í Kassarum 9. febrúar. Fjöldi gesta: 1.726 +250 í leikferð, samtals 1.976.

Sólarferð eftir Guðmund Steinsson. Þjóðleikhusið leggur áherslu á að setja upp íslenska klassísk, og minnst með sýningunni á Sólarferð eins af fremstu leikskáldum Íslendinga á 20. öldinni, Guðmundar Steinssonar (1925-1996). Sólarferð var frumflutt í Þjóðleikhúsinu árið 1976 og er eitt allra vinsælasta leikrit skáldsins. Í Sólarferð dregur höfundur upp stórskemmtilega mynd af sólarlandferðum okkar Íslendinga, en hér njóta sín vel hæfileikar skáldsins til að skrifa fyrir leiksvið, kryfja þar hina íslensku þjóðarsál og takast á við mikilvægar spurningar sem varða manninn, óháð stað og tíma. Leikstjóri: Benedikt Erlingsson. Leikmynd: Ragnar Kjartansson. Búningar: Ragnar Kjartansson og Margrét Sigurðardóttir. Lýsing: Lárus Björnsson. Hljóðmynd: Kristinn Árnason. Leikarar: Edda Arnljótsdóttir, Esther Talía Casey, Halldóra Björnsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Juan Camilo Román Estrada, Kjartan Guðjónsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þróstur Leó Gunnarsson. Frumsýning á Stóra sviðinu 15. febrúar. Fjöldi gesta 8.004.

Engisprettur eftir Biljana Srbijanovic. Nýlegt verk eftir margverðlaunað serbneskt leikskáld, sem fjallar um fjölskylduna, átök ólíkra kynslóða og viðleitni mannsins til að komast af, á bráðsnjallan og meinfyndinn hátt. Við kynnumst fjölda skemmtilegra persóna, og fylgjumst með því hvernig örlög þeirra vefast saman. Svartur húmor, angurværð og mannleg hlýja renna saman á sérstæðan hátt í þessu margslungna leikriti. Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir. Þýðandi: Davíð Þór Jónsson. Leikmynd: Vytautas Narbutas. Búningar: Filippía I. Elisdóttir. Tónlist: Giedrius Puskunigis. Lýsing: Lárus Björnsson. Dansar og sviðshreyfingar: Ástrós Gunnarsdóttir. Leikarar: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Eggert Þorleifsson, Friðrik Friðriksson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Gunnar Eyjólfsson, Hjalti Rögnvaldsson, Pálmi Gestsson, Sólveig Arnarsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Lárusdóttir. Frumsýning á Stóra sviðinu 27. mars. Fjöldi gesta 4.903.

Ástin er diskó, lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason. Nýr söngleikur um litríkan tíma, þar sem danssmellir diskósins og „pönkperlur“ hljóma í bland við nýja tónlist eftir Þorvald Bjarna

Þorvaldsson. Bráðfyndinn og eldfjörugur söngleikur sem tekst á við ákveðið tímabil í íslenskri sögu. Leikstjóri Gunnar Helgason. Tónlistarstjóri Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Leikmynd Frosti Friðriksson. Danshöfundar Birna Björnsdóttir og Guðfinna Björnsdóttir. Búningar Þórunn María Jónsdóttir. Lýsing Lárus Björnsson og Ólafur P. Georgsson. Leikarar Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Axel Árnason, Ásgrímur Geir Logason, Baldur Trausti Hreinsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir, Esther Talía Casey, Ívar Helgason, Kjartan Guðjónsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Selma Björnsdóttir, Sigurður Hrannar Hjaltason, Sverrir Þór Sverrisson, Valur Freyr Einarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Þorleifur Einarsson, Þórir Sæmundsson. Dansarar Eva Dögg Ingimarsdóttir, Heiða Björk Ingimarsdóttir, María Leifsdóttir.

Frumskýning 3. maí. Fjöldi gesta 10.513.

Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Vinsælasta verk eins fremsta leikskálds þjóðarinnar mátað við samtímamann í nýrri sviðsetningu Þórhalls Sigurðssonar með Gunnar Eyjólfsson – 82 ára stórleikara í aðalhlutverki. Leikmynd og búningar: Sigurjón Jóhannsson. Tónlist: Jóhann G. Jóhannsson. Leikarar, auk Gunnars, Elva Ósk Ólafsdóttir, Þórir Sæmundsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Pálmi Gestsson, Hjalti Rögnvaldsson, Kjartan Guðjónsson, Friðrik Friðriksson, Esther Talía Casey og Þórunn Lárusdóttir.

Frumskýning á Stóra sviðinu 17. október. Fjöldi gesta 6.954.

Sumarljós eftir Jón Kalman Stefánsson. Leikgerð og leikstjórn: Hilmar Jónsson. Íslenska þorpið í öllum sínum margbreytileika – hversdagslíffði reynist fullt af stórviðburðum því undir kyrrlátu yfirborði krauma óhamdar ástríður, langanir og þrár. Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson. Búningar: Þórunn María Jónsdóttir. Tónlist: Ragnhildur Gísladóttir. Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Birna Hafstein, Björn Hlynur Haraldsson, Edda Arnljótsdóttir, Eggert Þorleifsson, Elma Lís Gunnarsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Esther Talía Casey, Friðrik Friðriksson, Jörundur Ragnarsson, Ólafur Darri Ólafsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson. Frumsýning á Stóra sviðinu 26. desember. Fjöldi gesta 1.168.

Utan gátta nýtt verk eftir Sigurð Pálsson, leikskáld og handhafa íslensku bókmenntaverðlaunanna 2008. Verk með magnaðan undirtón sem tekur á sig margvíslegar myndir undir hversdagslegri orðræðu tveggja kvenna, sem eru þó ekki allar þar sem þær eru séðar, eða séðar þar sem þær eru ekki allar. Dreppfyndið verk um nauðung tvennunnar, í meðförum frábærra listamanna. Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir. Leikmynd: Gretar Reynisson. Tónlist: Sigurður Bjóla Garðarsson. Leikarar: Kristbjörg Kjeld, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Arnar Jónsson og Eggert Þorleifsson.

Frumskýning í Kassanum 11. október. Fjöldi gesta 1.493.

Klókur ertu, Einar Áskell, eftir Bernd Ogrodnik, sem glatt hefur börn í Þjóðleikhúsinu og víða um lönd með hinum hrifandi brúðusýningum sínum, var frumsýnd í Kúlunni. Einar

Áskell veit fátt skemmtilegra en að leika við pabba sinn, næst skemmtilegast er að leika sér með verkfærakassann, en það er bannað og stórhættulegt að leika sér með sögina! Leikstjóri verksins er Kristján Ingimarsson.

Frumskýning 31. ágúst. Fjöldi gesta 3.302.

Skoppa og Skritla „í söngleik“ eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Í þessari nýju sýningu er ferðast um mörg heimsins höf og verða margar kunnar persónur á veginum, þar á meðal Frelsisstytta í New York, Englandsdrottning og sjálfur Shakespeare. Sem fyrr er sýningin hugsuð fyrir yngstu leikhúsgestina sem enn eru að æfa sig að koma í leikhús en hún hentar börnum frá 9 mánaða til 6 ára. Leikarar: Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson.

Frumskýning í Kúlunni 3. apríl. Fjöldi gesta 5.050.

Leitin að jólunum adventuævintýri eftir Þorvald Þorsteinsson, var sýnt í desember fjórða árið í röð. Sýningin hefur notið gífurlegra vinsælda og hlaut m.a. Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins 2006. Í leikarahópnum nú voru Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Lárusdóttir. Fyrsta sýning 29. nóvember. Fjöldi gesta 1.900.

Macbeth eftir William Shakespeare. Þetta dramatíska og áhrifamikla leikrit var rannsakað og krufið af hópi leikara á Smíðaverkstæðinu í vinnusmiðju. Stefán Hallur Stefánsson og Vignir Rafn Valþórsson leiddu vinnuna, í samvinnu við leikhúsfraeðinga af yngri kynslóðinni, þá

Karl Þorbergsson og Tobias Munthe. Leikarar: Stefán Hallur Stefánsson, Vignir Rafn Valþórsson, Jörundur Ragnarsson, Ólafur Egill Egilsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sigurður Hrnannar Hjaltason, Valur Freyr Einarsson, Baldur Trausti Hreinsson, Elma Lís Gunnarsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og fleiri. Smíðaverkstæðið 27. september. Fjöldi gesta 860.

Sýningar frá fyrra ári

Skilaboðaskjóðan ævintýrasöngleikur eftir Þorvald Þorsteinsson (leikskáld) og Jóhann G. Jóhannsson (tónskáld). Leikstjórn: Gunnar Helgason. Fjöldi gesta 12.834.

Konan áður eftir Roland Schimmelpfennig. Leikstjórn og þýðing: Hafliði Arngrímsson. Fjöldi gesta 507.

Ívanov eftir Anton Tsjechov. Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur. Fjöldi gesta 9.968.

Óhapp! eftir Bjarna Jónsson. Leikstjórn Stefán Jónsson. Fjöldi gesta 130.

Pétur Gautur eftir Henrik Ibsen í leikgerð Baltasars Kormáks. Fjöldi gesta 750.

Aðrir viðburðir

Leikhúspeperlur - Afmælisdagskrá um Atla Heimi Sveinsson á Stóra sviðinu 21. september. Fjöldi gesta 364.

Örleikritasamkeppni. Fjöldi gesta 100.

Jólasýning Listdansskólans. Fjöldi gesta 184.

Ýmsir viðburðir (gestafjöldi ekki talinn)

Hugleikur í Leikhúskjallaranum. Leikfélagið Hugleikur stóð fyrir reglulegum viðburðum í Leikhúskjallaranum, stuttum leiksýningum, tónleikum o.s.frv.

Ýmsir listviðburðir í Leikhúskjallaranum á vegum ólíkra aðila, svo sem tónleikar og danssýningar.

Vetrarhátíð í Reykjavík 7.-9. febrúar. Þjóðleikhúsið tók þátt í hátíðinni með veglegum hætti. Boðið var upp á kynningarkvöld á Smíðaverkstæðinu og tvennar boðssýningar á verkum fyrir börn og unglínga. Auk þess var „opið hús“ í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 9. febrúar þar sem á annað þúsund gesta kom yfir daginn og kynnti sér starfsemi leikhússins.

Opið hús á haustdögum (6. september). Liður í kynningarstarfi haustsins 2008 var opin dagskrá á Stóra sviðinu þar sem verkefni haustsins voru kynnt. Einnig var boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna víðsvegar um húsið. Mæting fór fram úr björtustu vonum.